

## Ársskýrsla Félags um menntarannsóknir 2024

### Markmið félagsins eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis - og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

### Stjórn

Samkvæmt lögum félagsins skipar stjórn þess sex fulltrúa. Í stjórn Félags um menntarannsóknir 2022 – 2024 eru:

- Anna Magnea Hreinsdóttir, formaður
- Jóhann Örn Sigurjónsson, gjaldkeri
- Tryggvi Thayer
- Halldóra Pétursdóttir
- Svava Björg Mörk
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir
- Sigríður Margrét Sigurðardóttir, varastjórn

Stjórnin hefur haldið 8 stjórnarfundum frá kjöri hennar í október 2022.

### Skoðunarmenn reikninga

Eygló María Rúnarsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson.

### Félagatal

Félagsgjöld voru greidd af 222 félagsmönnum árið 2023. Alls eru skráðir 291 félagi en mörg netföng eru óvirk og stendur til að uppfæra félagatalið á næstunni.

## Heimasíða og Fésbókarsíða félagsins

Heimasíða félagsins var uppfærð á árinu 2023 og viðmót hennar endurgert. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um félagið, lög þess og markmið og ársskýrslur.

Félagið heldur úti Fésbókarsíðu þar sem viðburðir félagsins eru auglýstir og helstu fréttir færðar.

## Íorðasafn

Núverandi íorðanefnd í menntunarfræði var stofnuð árið 2009 en þrjár aðilar skipa fulltrúa í nefndina: Menntavísindasvið Háskóla Íslands (tveir fulltrúar), Kennarasamband Íslands (einn fulltrúi) og Félag um menntarannsóknir (tveir fulltrúar). Núgildandi samningur um nefndina er frá 3. okt. 2014.

Hlutverk nefndarinnar er að taka saman íorð í menntunarfræði og gera þau aðgengileg með þýðingum og markvissum skilgreiningum. Ný hugtök bætast stöðugt við innan fræðigreinarinnar. Mikilvægt er að samræma merkingu og notkun íorða eða móta ný og styrkja þar með grundvöll faglegrar umræðu á íslensku um menntun og skólastarf. En ekki er síst mikilvægt að fyrir liggi greinargóðar skilgreiningar á fræðiorðum. Til markhópsins teljast fræðimenn, starfendur og nemendur á sviði menntunarfræði, þar með taldir starfsmenn og stjórnendur skóla- og menntastofnana. Markmið nefndarinnar er að íorð á öllum helstu sviðum menntunarfræði sé að finna í Íorðabanka Árnastofnunar. Sjá

<https://idord.arnastofnun.is/> og sérfræðisafnið

<https://idord.arnastofnun.is/leit//ordabok/MENNTUNARFR>

Gerður G. Óskarsdóttir og Ragnhildur Bjarnadóttir, fyrrv. dósent HÍ, hafa verið fulltrúar FUM í nefndinni en hefur Ragnhildur óskað eftir því að láta af störfum. Er Ragnhildi þakkað samstarfið.

Fulltrúar Félags um menntarannsóknir eru: Gerður G. Óskarsdóttir og Tryggvi Thayer.

## Tímarit um uppeldi og menntun

Tímarit um uppeldi og menntun er fræðilegt tímarit á sviði menntavísinda, gefið út í samstarfi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri og Félags um menntarannsóknir. Tímaritið kemur að jafnaði út tvisvar á ári og er tekið á móti greinum allt árið. Teymi sér um ritstjórn tímaritsins og henni til stuðnings er ritnefnd sem Félag um menntarannsóknir á tvo fulltrúa í. Erlingur S. Jóhannsson prófessor og Guðmundur H. Frímannsson, prófessor emeritus hafa verið fulltrúar FUM en óskuðu eftir því að láta af störfum.

Fulltrúar Félags um menntarannsóknir eru: Anna Magnea Hreinsdóttir, Háskóli Íslands og Jóhann Örn Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun / Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

### Íslensku menntaverðlaunin

Embætti forseta Íslands, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneytið, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands (listkennsludeild og tónlistardeild), Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun, Samtök iðnaðarins og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafa tekið höndum saman um að veita árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi skólastarf eða aðrar umbætur í menntamálum. Verðlaunin heita Íslensku menntaverðlaunin. Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum. Viðurkenningarráð velur þrjár til fimm tilnefningar í hverjum flokki til kynningar á alþjóðadegi kennara 5. október. Oddný Sturludóttir hefur verið fulltrúi FUM í viðurkenningarráði en lét af störfum.

Fulltrúi Félags um menntarannsóknir í viðurkenningarráði er: Jóhann Örn Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun / Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

### Hádegisfundur

Félag um menntarannsóknir stóð fyrir nestisfundi í mars 2023 undir yfirskriftinni *Gagnsemi gagna í menntarannsóknnum og í menntamálum* þar sem dr. Jón Torfi Jónsson, prófessor emeritus hélt erindi um mat og ofmat á gagnsemi ganga. Var fundurinn vel sóttur, bæði á staðnum en einnig í streymi.

### Ráðstefnur og málþing

Félagið hefur staðið að tveimur ráðstefnum á starfstímanum.

Ráðstefna undir yfirskriftinni *Starfendarannsóknir – afl til framfara* var haldin í maí 2023. Að ráðstefnunni stóðu Dalskóli, Félag um menntarannsóknir, Krikaskóli, Menntaskólinn við Sund, Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir og Samtök áhugafólks um skólaþróun. Aðalfyrirlesari var Mariana Souto-Manning, prófessor við Columbia háskóla en þar að auki gátu ráðstefnugestir valið á milli þriggja málstofa eftir skólastigum.

Málþing undir yfirskriftinni *Hönd í hönd – Horft til framtíðar um samstarf foreldra, skóla og frístundastarf í þágu barna* var haldið í apríl 2024. Að málþinginu stóðu auk Félags um menntarannsóknir Heimili og skóli og Samtök áhugafólks um skólaþróun. Aðalfyrirlesari var Auður Magnús Auðardóttir Lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.

## **Menntakvika**

Félagið var með borð á Menntakviku ráðstefnu Menntasviðs HÍ haustið 2023. Gefin voru gömul eintök af tímariti FUM og útgefnum bókum og gátu ráðstefnugestir skráð sig í félagið.

## **Umsagnir**

Stjórn félagsins hefur sent inn umsagnir varðandi eftirfarandi mál:

Mál nr. 195/2022 - Áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun

Umsögn um Þingskjal 52 — 52. mál. um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Umsögn um mál nr. S-38/202338/2023 - Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Umsögn um mál nr. S-60/2024 - Frumvarp til laga um inngildandi menntun

Umsögn um mál nr. S-74/2024 - Frumvarp til laga um námsgögn

4. apríl 2024

Fyrir hönd stjórnar Félags um menntarannsóknir

Anna Magnea Hreinsdóttir formaður